

Fundastjóri. Góðir félagar

Í stjórn Fuglahundadeildar starfsárið 2012 til 2013 sátu eftirfarandi aðilar Egill Bergmann, Jón Ásgeir Einarsson, Þorsteinn Friðriksson, Vilhjálmur Ólafsson og Bragi Egilsson.

Starfsárið var með hefðbundnum hætti, skipulagðar æfingagöngur, veiðipróf, opin hús, fyrirlestrar og þátttaka á sýningum á vegum félagsins. Helsta tekjulind deildarinnar sýningarþjálfun er í uppnámi þar sem engar deildir vilja vera í samstarfi við okkur vegna lélegrar þátttöku meðlima á sýningarþjálfun þetta er eitt af hlutverkum næstu stjórnar að bæta úr. Misjöfn þátttaka hefur verið í æfingagöngur deildarinnar en slæmt veðurfar og lítið af Rjúpu hefur sett sitt mark á æfingarnar og útskýrir kannski þátttökuna að einhverju leyti þó hún hafi verið svipuð og á síðasta ári.

Fyrir tveimur árum var skipað í tvær nefndir í samstarfi við Írsk setter og Vorstehdeild. Önnur um siðareglur fyrir veiðipróf og hin um endurskoðun veiðiprófsreglna. Af siðareglunefndinni er ekkert að fréttu og virðist sú nefnd vera dauð. Eftir ýmsar ábendingar og uppákomur var drög af nýjum veiðiprófsreglum sent til stjórnar HRFI til áframhaldandi meðferðar, vonir stóðu til að þær væru samþykktar fyrir keppnisflokkana í vor en það virðist ekki ætla að ganga eftir.

Vakinn var upp gamall draugur af stjórn HRFÍ sem varð til við breytingu Veiðihundadeildar í Fuglahundadeild og stofnun Vorstehdeildar. En þegar þessar breytingar urðu voru gögn og reglur sem vistaðar voru á síðu deildarinnar ekki vistaðar á heimasíðu félagsins og urðu flestum og seinna öllum ekki aðgengilegar. Þar voru t.d reglur um dómarráð sem komu í vetur í breyttri útgáfu til deildarinnar til umsagnar, voru nokkrar umræður um það mál og reglunar sendar með breytingum til baka. Eins má geta þess að engar reglur virðast vera til lengur um hvernig ferli um breytingar á veiðiprófsreglum eiga að vera. Þ.e.s. það stendur í reglunum hverjir geta breyta þeim enn ekki hverjir þurfa að samþiggja og hvað gerist ef ein deild neitar reglunum og hvort nægjanlegt sé að ein deild setji inn breytingar, þetta eru atriði sem koma þarf á hreint.

Styrktaraðili Vífilfell hefur gerst styrktaraðili og getum við nú veitt bestu hundum prófs hið vinsæla Glenfiddich viskí í verðlaun. Deildin þakkar Jóni Ásgeir fyrir að hafa komið þessum samning á.

Félagar okkar í Vorstehdeild og Írsk setter deild óskuðu eftir aukinni samvinu vegna veiðipróf, sameiginlegra æfinga og viðburða síðastliðið haust og var sameiginlegur fundur í Sólheimakoti um haustið, voru þar lögð drög að starfi þessa árs þar.

Stjórn HRFÍ hefur aukið fjárhagslegt sjálfstæð deildana vegna viðburða á vegum þeirra þ.e.s. deilda sýninga og líklega veiðiprófa. Eftir á að koma í ljós hvernig þetta virkar en litlar upplýsingar og fréttir koma frá stjórn og skrifstofu félagsins, en vonandi batnar þessi upplýsinga og fréttaskortur með nýjum framkvæmdarstjóra. Ein deild hefur haldið sýningu eftir að þessar breytingar tóku gildi og eigum við eftir að fréttu hvernig þetta kom út.

Til stóð að HRFÍ skilaði Mosfellsbæ Sólheimakoti á þessu ári en vegna andmæla og kvartana ákvað stjórn HRFÍ með aðstoð góðs fólks, að þær deildir sem nota kotið mest fái að yfirtaka reksturinn. Var Sólheimakots nefnd stofnuð með fulltrúum frá deildum í tegundarhópum 7 og 8 um þetta málefni og er þetta í vinnslu og skýrist vonandi betur með vorinu en þá þarf að leita til viljugra manna og kvenna við lagfæringar á kotinu.

Gagnagrunsmál, nokkuð hefur verið á reiki hvernig skráning í gagnagrun verði háttáð eftir að Þorsteinn hætti að skrá inn í fyrra og hvernig ferlið væri. Haukur Reynisson hefur boðist til að skrá inn upplýsingarnar en prófstjórar verða að koma gögnum úr prófunum til hans á tölvutæku formi t.d með því að skanna umsagnablöðin, eins þarf að senda afrit til Þorsteins gagnavarðar til varðveislu.

Veiðipróf

8 veiðipróf voru haldin á vegum deildarinnar á liðnu ári þar af eitt sæki próf. Alls voru 140 skráningar og fengu 34 hundar einkunn eða sæti. Þetta er smá aukning í þátttöku frá því árið áður en svipaður fjöldi einunna. Í sæki prófinu tóku 9 hundar þátt og stóðust 8 þeirra prófið sem sýnir mikla framför í þessum hluta fuglahundasportsins. Eins verð ég að nefna að í Áfangafellsprófinu þar sem fella þurfti niður keppnisflokkinn vegna sérstaks veðurs var einstakur árangur þeirra unghunda sem tóku þátt í prófinu eða 100% einunnar hlutfal báða dagana auk þess sem 11 hundar fengu einkunn í opnum flokki.

Sýningar

Meðlimir deildarinnar hafa verið þökkalega duglegir að mæta á sýningar á vegum félagsins og hafa hundarnir verið að fá mjög góða dóma og einstaka hundur náð framúrskarandi árangri. FHD þarf að útvega ákveðin fjölda af starfsfólki á sýningarnar og hefur gengið skelfilega að manna þær stöður.

Stjórn Fuglahundadeildar óskar eigendum hundana til hamingju með árangurinn á veiðiprófum og sýningum.

Þorablót

Að venju var haldið var þorablót á vegum deildarinnar og voru það hjónin Kristín Jónsdóttir og Haukur Reynisson sem sáu um það á þessu ári og þakkar deildin þeim kærlega fyrir, var blótið vel sótt og skemmtu konur og menn sér ágætlega á þeirri skemmtun.

Ljósmyndasamkeppni

Deildin stóð fyrir ljósmyndasamkeppni á nýliðnu starfsári og bárust nokkra mjög góðar myndir sem hægt er að skoða á heimasíðu deildarinnar. Var fenginn lærður ljósmyndari til að velja bestu myndina og var hún tekin af Pétri A Guðmundssyni.

Stigahæstu hundar

Að venju eru veittar viðurkenningar fyrir stigahæstu hunda veiðiprófanna innan Fuglahundadeildar og yfir árið í heild. Stigahæsti hundur í unghundaflokki árið 2012 er Vatnsenda Kara eigandi Ásgeir Heiðar. Stigahæsti hundur í opnum flokki er Hrímpoku Sally Vanity eigandi Henning Aðalmondsson, eru þetta sömu hundar og á síðasta ári.

Fuglahunda deild þakkar prófstjórum fyrir vel unnin störf á liðnu ári.

Einnig þakkar deildin öllum þeim sem haldið hafa utan um og aðstoðað við veiðiprófin, opnu húsin, æfingagöngunnar og sýningaþjálfunina. Að lokum þakkar deildin þeim Jóni Ásgeir, Pétri Alan og Þorsteini fyrir vel unnin störf en þeir hafa haft umsjón með heimasíðu og gagnagrunn deildarinnar.

Öll starfsemi Fuglahundadeildar er unnin í sjálfböðavinnu og hefur fjöldinn allur af fórnfúsu fólki lagt hönd á plóginn. Án þeirra gæti deildin ekki starfað og þökkum við öllum þeim sem aðstoðuðu á nýliðnu starfsári

Að lokum þakka ég meðstjórnendum mínum, sem og öðrum fyrir samstarfið á liðnum árum.